

Mál nr. 274/1999

A

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs G.

Vinnuslys við fiskvinnslu þann 23.09. 1996.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 12.11. 1999.
2. Greinargerð lögmanns tjónþola dags. 09.11. 1999 þar sem hjálagt fylgdu gögn sem merkt eru í málskotinu frá nr. 1 til 11.
3. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar dags. 26.11. 1999 þar sem hjálagt fylgdu ljósmyndir sem lögreglan tók af vettvangi, skýrsla G dags. 27.10. 1998, athugasemdir vinnueftirlitsmanns dags. 13.11. 1998 vegna skýrslu G og bréf vátryggingafélagsins til Tjónanefndar vátryggingarfélaganna dags. 07.12. 1998.
4. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 1071/1998.

Málsatvik.

Málsatvikum og aðstæðum á vettvangi er ítarlega lýst í fyrirbyggjandi gögnum.

Þann 23.09. 1996 varð A, (sem fæddur er á árinu 1975) starfsmaður G, fyrir slysi við vinnu sína í fiskvinnslu fyrirtækisins. Hann var að vinna við færiband sem liggur úr síló og upp í vigt pokapökkunarvélar. Hann losaði hlíf fyrir enda færibandsins án þess að stöðva færibandið fyrst. Síðan missti hann hlífina og hún barst með færibandinu að pokapökkunarvélinni. Þegar hann teygði sig eftir hlífinni klemmdist hann með litla finger vinstri handar milli hlífar og vélarinnar þannig að meidsl hlutust af.

G hafnar því að bera bótaábyrgð vegna slyssins. Slysið verði eingöngu rakið til eigin sakar A, hann hafi ekki stöðvað færibandið áður en hann reyndi að fjarlægja hlífina.

Vátryggingafélagið telur að ekkert liggi fyrir í málinu sem bendi til þess að slysið megi rekja til atvika sem G ber skaðabótaábyrgð á. Það telur að slysið verði einvörðungu rakið til óhappatilviljunar eða eigin sakar A.

Í málskotinu er þess getið m.a. að fyrir liggi í málinu að vinnuveitandinn hafi ekki talið færibandið hááhættutæki við þrif. Slysið hafi verið eins og hvert annað slys sem menn hafi ekki séð fyrir. Fram kemur að það hafi ekki verið starfsregla að stöðva færibandið þegar það hafi verið þrifið. Oftar en ekki hafi færibandið verið í gangi. Að eftir slysið hafi verið varað við því að starfsmenn reyndu að sækja hlífina, dytti hún niður. Einnig hafi verið settur upp aðvörunarmiði um klemmingarhættu. Þá hefðu eyru verið sett á hlífina til þess að koma í veg fyrir að hún gæti dottið niður. Fram kemur að án vitundar þeirra sem við færibandið unnu hafi búnaði við öryggishlífina á færibandinu verið breytt þannig að hlífin féll niður á bandið sem hún hafði ekki gert áður. Þegar á allt sé litið skorti öll rök fyrir þeim fullyrðingum G að tjónþoli eigi sjálfur sök á því að slysið varð og þeirri fullyrðingu vátryggingafélagsins að slysið verði eingöngu rakið til óhappatilviljunar eða eigin sakar tjónþola. Þvert á móti komi fram að slysið megi rekja til ófullnægjandi öryggisbúnaðar við umrædda hlíf á færibandinu og vanrækslu þess að ganga úr skugga um að breytingar á búnaðinum gætu ekki valdið hættu á slysi. “Þar kemur einnig til vanræksla þess að gera starfsmönnum, sem við færibandið unnu, grein fyrir hverjar breytingarnar voru.”

Fyrirbyggjandi er umsögn Vinnueftirlits ríkisins. Fram kemur m.a. að við athugun á vélinni “kom í ljós að ekki var rofi tengdur hlífinni, sem kæmi í veg fyrir að vélin gæti gengið, þegar hlíf var ekki á sínum stað. Samkvæmt reglum um vélar og tæknilegan búnað nr. 580/1995 skal slíkur rofi vera tengdur hlífabúnaðinum samanber grein 1.4.” Vinnueftirlitið telur að rekja megi orsök slyssins til þess að vélin var ekki stöðvuð á meðan hreinsun fór fram. Það gerir þá kröfu til aðila að bannað sé að hreinsa vélarnar á meðan þær eru í gangi og að starfsmönnum skuli kenndar reglur varðandi þrif á vélum.

Álit.

Vinnueftirlitið gerir alvarlegar athugasemdir við aðstæður á vettvangi þ.e. þá vinnuaðstöðu sem fyrir hendi var. Það telur að rekja megi slysið til ófullnægjandi öryggisbúnaðar. Nefndin hefur enga ástæðu til að efast um réttmæti athugasemda eftirlitsins.

Nefndin telur að tjónþoli beri að hluta ábyrgð á því að slysið varð. Það var óvarlegt af honum að reyna að fjarlægja hlífina af færibandinu. Ekki er unnt að líta svo á að um ósjálfráð viðbrögð hafi verið að ræða.

Þegar tekið er mið af framanrituðu, fyrirbyggjandi gögnum og aðstæðum á vettvangi verður sök skipt til helminga.

Niðurstaða.

Bótaábyrgð er fyrir hendi samkvæmt þeirri ábyrgðartryggingu sem hér um ræðir en réttarstaða tjónþola (A) skerðist um helming vegna eigin sakar.

Reykjavík 21. desember 1999

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.